

Sorpa b.s. Urðunarstaður Álfnesi  
Gufunesvegi  
112 Reykjavík

Reykjavík, 3. september 2020  
UST202003-031/S.M.  
08.14.02

### **Reglubundið fyrra eftirlit á urðunarstað Sorpu**

Pann 29. maí sl. fór fram reglubundið fyrra eftirlit á urðunarstað Sorpu í Álfnesi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

#### **Ein ábending var gerð í eftirlitinu og tvö frávik komu fram er varða:**

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Heimilt er að urða allt að 120.000 tonn af úrgangi á ári. Árið 2019 voru urðuð 130.919 tonn sem er umfram heimild.
2. Gr. 1.6 í starfsleyfi. Áætlun um endanlegan frágang eftir lokun urðunarstaðarins skal liggja fyrir ekki seinna en 31. desember 2019. Áætlun lá ekki fyrir í eftirliti en rekstraraðili skilaði henni 25. júní sl. og telst frávikinu því lokið.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu atriði í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 24. september, 2020.**

Virðingarfallst

  
Sigridur Magnúsdóttir

  
Birgitta Stefánsdóttir

**Afrít:** Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur og Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis

# EFTIRLITSSKÝRSLA

SORPA Álfssnesi Reykjavík



Dags eftirlits	29.5.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	SORPA Álfssnesi	Eftirlitsmaður	Birgitta Stefánsdóttir
Heimili	Álfssnes	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	5105881189	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Þorleifur Þorbjörnsson	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis	Bergþór Guðmundsson	Staðsetning	366624,722      412355,277

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit komu fram tvö frávik er varða magn úrgangs og skil á áætlun um endanlegan frágang urðunarstaðarins. Ein ábending var gerð er varðar gildistíma starfsleyfis.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið fyrra eftirlit á urðunarstað Sorpu í Álfssnesi og var umfang eftirlitsins eftirfarandi:

- Umfang starfseminnar
- Niðurstöður síðasta eftirlits
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017
- Kynning á verklagsreglum vegna sóttmengaðra dýrahræja
- Gassöfnun og hreinsun - Svansvottun metangass
- Skoðunarferð um urðunarstaðinn

Farið var yfir starfsemina á urðunarstaðnum. Árið 2019 voru urðuð í Álfssnesi 130.919,063 tonn af úrgangi sem er nokkuð minna en var urðað árið áður en þó enn umfram 120.000 tonna heimild í starfsleyfi. Starfsleyfi urðunarstaðarins fellur úr gildi 31. desember nk. og hefur rekstraraðili ekki enn sótt um nýtt starfsleyfi. Rekstraraðila er bent á að sækja um nýtt starfsleyfi sem fyrst sé fyrirhugað að urða áfram í Álfssnesi. Rætt var um áætlun um endanlegan frágang urðunarstaðarins, sbr. gr. 1.6 í starfsleyfi, en áætlun átti að liggja fyrir ekki seinna en 31. desember 2019. Áætlun lá ekki fyrir í eftirliti en rekstraraðili hefur nú sent hana til Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun fór í fyrirvaralaust eftirlit á urðunarstaðinn þann 8. maí sl. vegna fjölmargra ábendinga um lyktarmengun í Leirvogstungu sem rakin var til urðunarstaðarins í Álfssnesi. Engin frávik frá starfsleyfi komu fram við eftirlitið. Fram kom í eftirlitinu að rekstraraðili væri að leita leiða til að sporna við lyktarmengun. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila er uppruni lyktarinnar talinn vera í urðunarreininni þar sem mjög hratt niðurbrot valdi sprungum í yfirlagi og meðfram brúnum urðunarreinarnar. Í eftirliti nú var staðfest að vinna var hafin við gerð jarðvegsmana meðfram brúnum reinarinnar, en manirnar eiga að gegna hlutverki lífsíu sem vonir standa til að dragi úr lyktarmengun. Þá er enn beðið eftir nýrri tegund lyktareyðandi efnis sem ætlunin er að nýta við ú dun á haugnum.

Samkvæmt 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit ber Umhverfisstofnun að ákvæða tíðni eftirlitsferða út frá umhverfisahættu starfsemi undir eftirliti stofnunarinnar. Áhættumatið var fyrst unnið árið 2019 og féll þá urðunarstaðurinn í Álfssnesi í eftirlitsflokk A sem gerir tvö eftirlit árið 2020. Áhættumat er endurskoðað árlega.

Í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi er áhersluverkefni í ár hjá Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndum að skrá alla neyslu-, húsa-, bryggju- og lausageyma í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar. Óskað hefur verið eftir upplýsingum frá rekstraraðila um þá eldsneytisgeyma sem staðsettir eru á urðunarstaðnum.

Rætt var um drög að verkferli um sóttmenguð dýrahræ sem Umhverfisstofnun og Matvælastofnun hafa unnið að og er í samræmi við ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir dýra og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, sbr. og rg. nr. 674/2017.

Samhliða eftirlitinu fór fram úttektarheimsókn vegna endurvottunar á Svansvottaðri eldsneytisframleiðslu sem fram fer í Álfssnesi.

Farið var í skoðunarferð um urðunarstaðinn og ekki var tilefni til athugasemda.

## ÁBENDINGAR

Starfsleyfi urðunarstaðarins í Álfnesi fellur úr gildi 31. desember nk. Er rekstraraðila bent á að sækja um nýtt starfsleyfi sem fyrst.

## ANNAÐ

Einnig var viðstaddir eftirlitið fyrir hönd Sorpu Arnór Gunnarsson.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 03.09.2020

*Sigríður Magnúsdóttir*

Sigríður Magnúsdóttir

bls. 4